um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um afstöðu til þessa frv. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í n. (ÓB, MJ og JÞ) leggja til, að það verði samþykkt með smávægilegum breytingum, en undirritaður er í meginatriðum andvígur frv. og þeirri stefnu, sem í því felst. KK mun skila sérstöku áliti.

Helztu breytingarnar á gildandi skattalöggjöf, sem í frv. felast og skera úr um afstöðu til þess, eru þessar:

1. Tekjuskattur félaga, annarra en útgerðarfyrirtækja og samvinnufélaga, skal lækkaður (með beinni skattlækkun og heimildum til aukningar varasjóðstillags) um 25%, úr 20% af hreinum hagnaði í 15%. Tekjuskattur útgerðarfyrirtækja og samvinnufélaga er aftur á móti aðeins lækkaður um 9%, úr 16.7% af hagnaði í 15%.
2. Ákveðnar eru nýjar reglur um fyrningarafskriftir, sem eftirleiðis má miða við endurmat á öllum fastafjármunum fyrirtækja, en það mat skal byggja á „endurnýjunarverði að frádreginni eðlilegri fyrningu". Fyrningu skal miða við kaupverð fjármuna, sem keyptir eru 1962 eða síðar.
3. Skattfrjáls arðgreiðsla til hluthafa skal hækkuð um 25%, úr 8% í 10%, en jafnframt er heimiluð skattfrjáls úthlutun svonefndra jöfnunarhlutabréfa, sem í ýmsum tilvikum getur margfaldað hina skattfrjálsu arðgreiðslu.
4. Byggt skal upp nýtt, fjölmennt embættismannakerfi á vegum fjármálaráðherra til framkvæmda á lögunum.

Auk þessara meginákvæða felst svo í frv. fjöldi minni háttar breytinga, sem nokkuð misjöfnu máli gegnir um. Einstakar þeirra má telja til bóta, en um aðrar hljóta að verða skiptar skoðanir. Mun ég gera grein fyrir afstöðu minni til þessara smærri breytinga í framsögu.

Auðsætt er, að hin þrjú fyrst töldu frumvarpsákvæði stefna öll að einu ákveðnu markmiði: Stórfellt auknum skattfrjálsum gróða fyrirtækja, sem rekin eru í félagsformi, og þar með allra auðfélaga í landinu. Hin beina skattlækkun vegna aukinnar heimildar til þess að leggja hagnað í varasjóði og vegna lækkunar á sjálfri skattprósentunni er augljós og óumdeilanlegt, hverju hún nemur, en miklum mun erfiðara er og raunar ókleift að áætla, hve mikla skattlækkun leiðir af hinum nýju fyrningarreglum. Kemur þar hvort tveggja til, að höfundar frv. hafa ekki eða virðast ekki hafa byggt tillögur sínar á neins konar rannsóknum á afleiðingum ákvæðanna og flest, sem máli skiptir um sjálfa framkvæmdina, er lagt í vald fjármálaráðherra, sem hefur ekki til þessa gefið neinar upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd.

Óhætt mun þó að fullyrða, að hin beina skattlækkun um 25% sé hreinir smámunir miðað við þá, sem leiðir af hinum nýju fyrningarreglum, enda telja frumvarpshöfundar þau ákvæði, sem að þeim lúta, hin mikilsverðustu í frv. Er næsta líklegt, að nýju fyrningarreglurnar geti í ýmsum tilvikum margfaldað hinn skattfrjálsa hagnað.

Með hinum nýju fyrningarreglum er horfið að grundvallarbreytingu í skattalöggjöfinni og stefnt að því, að fyrirtæki megi ekki aðeins fyrna að fullu stofnkostnaðarverð fastafjármuna, heldur einnig að meira eða minna leyti þann mismun, sem skapazt hefur vegna hækkaðs verðlags, á stofnkostnaði og hugsanlegu endurnýjunarverði. Fram til þess hafa gróðafélögin orðið að jafna þennan mismun af hagnaði sínum og með notkun lánsfjár, en nú á að létta þeim byrðum, sem verðbólgan hefur skapað þeim að þessu leyti, með öllu af fyrirtækjunum og leggja þær á herðar almennings. Hinar nýju fyrningarreglur munu þannig ekki aðeins valda þyngri óbeinni skattheimtu til ríkisþarfa vegna minnkandi hlutdeildar gróðafélaga í skattgreiðslum, heldur einnig leiða til stórhækkaðs verðlags á framleiðsluvörum og þjónustu, vegna þess að fyrirtækjum er nú í rauninni heimilað að skattleggja almenning á líkan hátt og Áburðarverksmiðja ríkisins hefur skattlagt bændastéttina síðustu árin með því að beita — ólöglega — líkum fyrningarreglum og nú á að lögfesta fyrir öll fyrirtæki í landinu.

Því er haldið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar, að gildandi skattalög leggi blýþungar byrðar á fyrirtækin í landinu og hindri eðlilegt viðhald og uppbyggingu atvinnulífsins. Þessi kenning fær ekki staðizt, ef staðreyndir eru hafðar í huga, m. a. þær, að hlutdeild allra félaga í landinu í heildarskattheimtu ríkisins er orðin hverfandi lítil eða innan við 4% af skatta- og tollatekjum í heild, og hins vegar, að skattprósentan miðuð við hreinan hagnað, eftir að fyrning og arðgreiðslur hafa verið dregnar frá tekjum, er nú aðeins ⅕ hluti hagnaðarins. Það gefur og auga leið, að lækkun heildarupphæðar tekju- og eignarskatts gróðafélaga, sem nú er aðeins rúmar 50 millj. kr. á ári, getur ein fyrir sig engin teljandi áhrif haft á getu fyrirtækja til atvinnulegrar uppbyggingar. Það er hins vegar næsta hlálegt, að þvílíkar röksemdir skuli fram bornar af ríkisstjórn, sem staðið hefur fyrir því að frysta meiri hlutann af sparifjáraukningu landsmanna og hindrað þannig

að hundruð milljóna króna handbærs fjármagns væri notað til framkvæmda og framfara í landinu eða margföld sú upphæð, sem öllum sköttum gróðafélaganna nemur.

Núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir byltingu í skattamálum, byltingu, sem tölulega lýsir sér í því, að:

1. Skattar og tollar hafa nær tvöfaldazt frá 1959, hækkað úr 796 millj. kr. í 1401 millj.
2. Beinir skattar hafa verið lækkaðir úr 20.7% af heildarskattheimtu ríkisins í 6.7%.
3. Söluskattar til ríkissjóðs hafa verið hækkaðir úr 166 millj. kr. í 485 millj. eða um 286%.
4. Söluskattar eru nú rösklega fimmfaldir á við beinu skattana, en voru sem næst jafnháir þeim 1959.

Þessi skattamálabylting hefur, næst á eftir gengisfellingum ríkisstjórnarinnar, átt drýgstan þátt í þeim miklu hækkunum á vöruverði og þeirri stórfelldu skerðingu á lífskjörum almennings, sem einkennt hefur valdatímabil hennar. Þessa byltingu er nú verið að fullkomna og festa í sessi með því að stórlækka skatta gróðafélaganna og renna nýjum stoðum undir auðsöfnun þeirra, en leggja þungbærar byrðar á almenning í staðinn. Samtímis er svo hert á kauplækkunarstefnunni og öllum kröfum alþýðusamtakanna um kjarabætur synjað.

Öllum þáttum þessarar stefnu ríkisstjórnarinnar ber að hafna og að því er skattamálin varðar með því að fella þetta frv., en efna jafnframt til raunverulegrar heildarendurskoðunar skattalaganna með því markmiði sérstaklega að létta þær drápsklyfjar óbeinna skatta, sem nú þjaka launastéttirnar, og m. a. í þeim tilgangi að koma á virku skattaeftirliti, sem kæmi, eftir því sem verða mætti, í veg fyrir skattsvik, sem skaða ríkissjóð og almenning um stórfelldar upphæðir árlega.

Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð framkomið frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt stefnir að því að auka mjög skattfrjálsan gróða fyrirtækja að nauðsynjalausu og mundi, ef samþykkt yrði, valda enn þyngdri óbeinni skattheimtu af almenningi og verðhækkunum, en aðkallandi er hins vegar, að skattalögin í heild verði endurskoðuð með því markmiði, að óbeinni skattheimtu verði stillt í hóf, geta eignamanna og fyrirtækja til skattgreiðslna metin að nýju, skattsvik hindruð og hagkvæmni í framkvæmd skattalaganna aukin og í því trausti, að ríkisstjórnin tryggi slíka endurskoðun á vegum nefndar skipaðrar fulltrúum allra þingflokka, vísar deildin frv. þessu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. marz 1962.

Björn Jónsson.